21. fundur
bæjarráðs Norðurþings
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurþings,
fimmtudaginn 18. ágúst 2011 og hófst hann kl. 16:00

Fundinn sátu:
Jón Helgi Björnsson, Gunnlaugur Stefánsson, Þráinn Guðni Gunnarsson, Trausti Aðalsteinsson, Bergur Elías Ágústsson, Sigríður Valdimarsdóttir,

Fundargerð ritaði: Bergur Elías Ágústsson, Bæjarstjóri

Dagskrá:

1. **201012092 - Mál varðandi stóriðju á Bakka**

   Fundargerð NAUST verkefnishóps um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum. Lagt fram til kynningar.

2. **201108027 - Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, evrópska lýðræðisvikan**

   Lagt fram til kynningar.

3. **201009105 - Samráðshópur um friðun Gjástykkis, fundarboð og fundargerðir**

   Samráðshópur um friðun Gjástykkis hefur lokið störfum. Frá upphafi hefur verið ljóst að öll sveitarfélögin þrjú, sem og landeigendur, eru mótfallin friðun alls þess svæðis sem gert er ráð fyrir í tillögu ríkisstjórnar Íslands um Gjástykki og Umhverfisstofnun hafði umboð til að semja um. Nú hafa þessir aðilar allir með formlegum hætti hafnað áframhaldandi viðræðum um boðaða friðlýsingu Gjástykkis.

4. **201105094 - Sjálfbærniverkefnið á Norðurlandi**

   Lagt fram til kynningar.

5. **201108022 - Jafnréttisstofa óskar eftir að fá afhenta jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun**

   Bæjarráð vísar erindinu til félagsmálastjóra.

6. **201101006 - Dvalarheimili aldraðra, fundargerðir 2011**

   Lagt fram til kynningar.

7. **201107031 - EYÞING-Forgangsverkefni á fjögurra ára samgönguáætlun**

Fyrir bæjarráð liggur erindi frá Eyþing - samtökum sveitarfélaga í Eyjarfirði og Þingeyjarsýslu og varðar forgangsröðun á fjárfestingarverkefnum í tengslum við 20/20 áætlun ríkisstjórnar Íslands. Um er að ræða nýframkvæmdir sem áhrif hafa á innviði í samfélaginu. Helstu áherslur Norðurþings eru; Dettifossvegur frá Dettifossi niður í Kelduhverfi, Iðnaðarvegur á milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarlóðar á Bakka, ný brú yfir Skjálfandafljót í Köldukinn, klára að leggja bundið slitlag á Kíslilveg auk annarra minni verkefna.

Bæjarráð felur bæjastjóra að koma áherslum Norðurþings til skila.

8. 201108028 - Bjarni Aðalgeirsson f.h. landeigenda-Ósk um endurbætur á þjóðvegi 864

Bæjarráð þakkar Bjarna Aðalgeirssyni fyrir erindið er varðar endurbætur á þjóðvegi 864, austan Jökulsár. Um er að ræða ca. 4 km vegkafla. Með endurbótum er átt við að komið verði bundnu slitlagi á þennan vegarkafla.

Bæjarráð tekur heilshugar undir nauðsynlega úrbætur á veginum og mun taka málið upp við þingmenn kjördæmisins og Vegagerðina.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00